



Sveitarfélagið Hornafjörður

Gunnlaugur Róbertsson

Hafnarbraut 27

780 Höfn

Garðabær, 27. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0036

IAS

Efni: Nýtt verslunar og þjónustusvæði á jörðinni Birgi og hluta Króks í Borgarhöfn.

Vísað er til erindis Sveitafélagsins Hornafjarðar frá 30. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna nýs verslunar og þjónustusvæðis á jörðinni Birgi og hluta Króks í Borgarhöfn.

„Á jörðinni Birgi er markmið breytingarinnar að heimila uppbyggingu hótels og starfsmannaaðstöðu tengdri rekstri þess. Gert er ráð fyrir þriggja til fjögurra stjörnu gististað með allt að 80 herbergjum, reistum úr forsmíðuðum einingum, þar sem gæði og þjónusta verði sambærileg Hóteli Jökulsárlóns. Starfsmannaaðstaða fyrir hótelið verður staðsett á jörðinni Birgi, nær hótelinu sjálfu og sömu megin þjóðveggar. Einungis afmarkað svæði Birgis verður nýtt undir hótelfarstarfsemi, en annað land jarðarinnar verður áfram skilgreint sem landbúnaðarland, í samræmi við gildandi aðalskipulag.“

Á landi Króks er gert ráð fyrir um 300–400 m² húsnaði sem verður skipt í allt að fimm smærri einingar, þar sem hvert hús er áætlað um 40–60 m² að stærð. Um er að ræða aðstöðu fyrir starfsfólk ferðaþjónustu og fellur hún því ekki undir íbúðarbyggð. Einungis afmarkaður hluti landsins verður skilgreindur sem þjónustubyggð, en meginhluti jarðarinnar helst áfram skilgreindur sem landbúnaðarland.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar:

Skipulagssvæðið er utan verndarsvæða og þar eru ekki vistgerðir eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er tún og akurlendi á stórum hluta skipulagssvæðisins enn einnig finnast þar votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því er ekki æskilegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Leggur stofnunin áherslu á að rask á vistgerðum með hátt verndargildi verði takmarkað eftir füngum og einkum ætti að forðast rask á votlendi.

Líklegt er að á hluta svæðisins sé að finna vaðfugla s.s. heiðlóu, jaðrakan og tjald. Tjaldur er á válista hér á landi og heiðlóa og jaðrakan teljast til ábyrgðartegunda þar sem stór hluti Evrópastofnsins verpir hér á landi¹⁾. Forðast skal að raska búsvæðum þessara tegunda eftir fremsta megni.

1) <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur